

Nö.

44. Frumvarp

til laga um stofnun stýrimannaskóla á Ísafirði.

Flutningsmenn: Matth. Ólafsson og Skúli S. Thoroddsen.

1. gr.

Á Ísafirði skal stofna stýrimannaskóla, er kenni sömu námsgreinar og veiti sömu rjettindi og fiskiskipstjóradeild stýrimannaskólans í Reykjavík.

2. gr.

Skólaárið telst frá 1. okt. til 30. april.

3. gr.

Í sambandi við skólann skal komið á fót námsskeiði í mótörvjelafræði með líku fyrirkomulagi og námsskeið það er, sem haldið hefir verið hina síðustu vetur við stýrimannaskólann í Reykjavík.

Verði komið upp sjerstökum vjelfræðiskóla á Ísafirði, hverfur námskeið þetta undir hann.

4. gr.

Skólinn skal að öllu leyti kostaður af landssjóði, enda hafi landsstjórnin yfirstjórn hans, setji reglugerð fyrir hann og skipi skólastjóra, kennara og prófdómendur.

5. gr.

Prófúrlausnir skulu samdar af skólastjóranum við stýrimannaskólann í Reykjavík, í samráði við prófdómendur þá, er á hverjum tíma eru skipaðir við þann skóla.

6. gr.

Inntökuskilyrði eru hin sömu og við stýrimannaskólann í Reykjavík.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1918.

Athugasemdir við frumvarp þetta.

Við 1. gr.

Þar eð hin síðari árin svo mjög hefir fjölgað vjelskipum á Vesturlandi, sem eru yfir 12 lestir að stærð, hefir þörfin fyrir skipstjóra, er rjett hafa til skipstjórnar á slíkum skipum, vaxið mjög mikið. Hins vegar er það jafnan nokkrum erfiðleikum bundið að sækja þetta nám hingað til Reykjavíkur, auk þess sem aðsóknin að þeim skóla hefir aukist svo mjög, að hann getur naumast tekið við fleiri nemendum. Hefir þetta mál verið borið undir skólastjórnann við stýrimannaskólann, og hefir hann látið í ljós, að hann teldi það vel til fallið, að slíkur skóli, sem hjer er farið fram á, verði stofnaður á Ísafirði.

Þá má og geta þess, að mun dýrara er fyrir menn af Vestfjörðum að sækja nám hingað til Reykjavíkur en til Ísafjarðar.

Við 2. gr.

Það þykir sýnt, að öllum fjölda nemenda nægi eigi styttri tími en 7 mánuðir til náms þessa, en hins vegar sje það líka nægilega langur tími fyrir fiesta meðalgreinda menn, ef undirbúningurinn er ekki því ljelegri.

Við 3. gr.

Það þykir vel fara á því að setja vjelstjóranámsskeið þau, er hin síðustu árin hafa verið haldin víðs vegar um land, í samband við sjómanna eða stýrimannaskóla, þar sem þeim á annað borð er komið á fót. Meðal annars sparar það húsnæði fyrir námsskeiðin og gefur nokkra tryggingu fyrir þekkingu skipstjóraefna í meðferð á mótörvjelum, en það er mjög nauðsynlegt, að hver skipstjóri, sem á að stjórna skipi með hreyfivjel, hvort heldur er eimvjel eða mótörvjel, þekki nokkuð til vjelfræði.

Hins vegar leiðir það af sjálfu sjer, ef komið verður upp á Ísafirði sjerstökum vjelstjóráskóla, að þá mundi kensla á slíkum skóla í þessum fræðum verða fullkomnari, og því sjálfsagt að láta kenslu þá, sem hjer um ræðir, hverfa undir hann.

Við 4. gr.

Sjálfsagt virðist að þessi skóli, eins og stýrimannaskólinn í Reykjavík, sje kostaður af landsfje, enda alt fyrirkomulag skóla fastara ef landsstjórnin hefir yfirstjórnina.

Við 5. gr.

Til þess að fullkomið samræmi verði á prófunum í stýrimannafræði um alt landið, þykir vel til fallið, að skólastjórnin við aðal-stýrimannaskóla landsins, í samráði við þá prófdómendur, sem landsstjórnin skipar við hann, ákveði prófúrlausnirnar, enda tíðkast slíkt erlendis og þykir fara vel á því.

Við 6. gr.

Það leiðir af sjálfu sjer, að inntökuskilyrði verða að vera hin sömu við þessa skóla, t. d. sjónpróf o. fl.

Við 7. gr.

Þar sem eigi mundi geta komið til mála að skóli þessi gæti tekið til starfa á næstkomandi hausti, þykir ekki þörf á að lögin gangi í gildi fyr en 1. jan. 1918. Hins vegar er líklegt, að þá mundi þurfa að fara að gera ráðstafanir til undirbúnings skólastofnuninni, svo hún gæti tekið til starfa 1. okt. 1918.